

„Þar ber eg litla hugsan fyrir“

Konan, forsjónin og karlinn í Haukdæla þætti

I

Fræðimenn¹ eru flestir sammála um að Haukdæla þáttur sé saminn af safnanda Sturlungu og að efni hans skipti sköpum fyrir túlkun verksins í heild. Pétur Sigurðsson taldi hann nokkurs konar inngang að frásögn Íslendinga sögu af Þorvaldi Gissurarsoni og sonum hans á sama hátt og Sturlu saga væri inngangur að frásögninni um Sturlunga (sbr. Pétur Sigurðsson 1928:93-94).

Haukdæla þáttur skiptist í tvo hluta, annars vegar frásögn af ættföðurnum og landnámsmanninum Ketilbirni Ketilssyni og afkomendum hans allt til Þorvalds Gissurarsonar (k. 1-4) og hins vegar frásögn af tildrögum hjúskapar Þorvalds og Þóru Guðmundardóttur yngri (k. 5). Fyrri hlutinn styðst einkum við frásögn Landnámabókar, Íslendingabókar og ættartölur, en þann seinni telja fræðimenn byggja á munnmælum (sbr. Björn M. Ólsen 1902:307-308; Pétur Sigurðsson 1928:91; Úlfar Bragason 1986:172). Hér eftir verður sjónum einkum beint að seinni hluta Haukdæla þáttar, byggingu hans og hlutverki innan Sturlungusafnsins.

II

Herbert S. Joseph sem fjallað hefur um Haukdæla þátt segir að kirkjan hafi ætíð verið þátttakandi í Íslenskum stjórnmálum. Í því ljósi séu örlögin meginefni þáttarins og það hvernig allir menn, leikir og lærðir séu ofurseldir þeim. Þátturinn sýni í reynd hvernig forlögin gerðu Haukdælum þann grikk, þrátt fyrir sterk tengsl þeirra við kirkjuna, að skapa mann líkt og Gissur Þorvaldsson, höfuðandstæðing Sturlunga (Joseph 1971:70). Úlfar Bragason telur á hinn bóginn að eigna megi ritstjóra samsteypunnar flestar jákvæðar lýsingar á Gissuri í Íslendinga sögu (svo sem kaflann um Jóreiðardrauma og kaflann þar sem Gissur og Sturla eru bornir saman²). Í Haukdæla þætti sé því

¹ Bergljótu S. Kristjánsdóttur þakka ég ábendingar og gagnlegar umræður meðan á samningu þessarar greinar stóð.

² Sbr. „Gissur Þorvaldsson bjó að Reykjum í Ólfusi þau misseri er þeir önduðust Magnús biskup og Guðmundur biskup. Hann gerðist höfðingi mikill, vitur maður og vinsæll. Þá hafði hann átta vetur og tuttugu. Þá var liðið frá hingaðburð vors herra Jesú

ekki verið að sveigja að Gissuri þó uppruni hans sé óneitanlega sögulegur (sbr. hér á eftir). Þátturinn lýsi Haukdælum sem mönnum lærdóms og höfsemdar og undirstriki hlutdeild þeirra í Sturlungu. Úlfar bendir einnig á að Gissur Þorvaldsson sé ein af aðalpersónunum í þeim tveimur atburðum sem líta megi á sem hápunkta Sturlungu, þ.e. Örylgsstaðabardaga og Flugumýrarbrennu (Úlfar Bragason 1986:172-175). Sturlunga lýsir hatrammri valdabaráttu og deilum sem kostuðu miklar mannfórnir. Úlfar segir eitt hlutverk Haukdæla þáttar (sem og Geirmundar þáttar heljarskinns) að draga upp mynd, öðrum til eftirbreytni, af hinum fornu höfðingjum sem bæði voru hófsamir og vitrir og leystu ágreining með málamiðlunum. Þessir þættir og aðrir viðaukar ritstjóra samsteypuritsins bendi og til „að hann hafi verið óánægður með norsku konungsstjórnina og hefði kosið frekar að Ísland hefði jarl.“ (Úlfar Bragason 1990:85; sbr. 1986:178)

III

Fyrri hluti Haukdæla þáttar (k. 1-4) fjallar eins og áður sagði um afkomendur Ketilbjarnar Ketilssonar landnámsmanns. Í þessu ágrípi af ættarsögu Haukdæla eru höfuðpersónurnar m.a. þeir Gissur hvíti, Gissur biskup og Gissur lögsögumaður. Flestir störfuðu þeir í þágu kirkjunnar eða mörkuðu djúp spor í kristnisögu landsins:

1. Gissur hvíti: „fór út hingað til Íslands með kristnið“ (190)
2. Gissur biskup: „Gissur biskup var betur þokkaður af öllum landsmönnum en aðrir menn á Íslandi. ... Það var með miklum jartegnum hve hlýðið allt fólk var honum er hann kom því fram, að fé allt var virt með swardögum, það er hér á landi var, og svo landið sjálft og tífund af ger, og lögleidd að svo skal vera meðan Ísland er byggt.“ og „Gissur biskup lét og lög á það leggja að stóll biskups þess er á Íslandi væri skyldi vera í Skálaholti og gaf hann til þess Skálaholtisland og mörg önnur auðæfi í löndum og lausum aurum. En þá er honum þótti sá staður vel þróað að auðæfum þá gaf hann meir en fjórðung biskupsdóms síns til þess að tveir væru biskupsstólar hér á Íslandi.“ (191)
3. Gissur lögsögumaður: „Hann var bæði vitur og málsnjallur. Hann var stallari Sigurðar konungs föður Sverris konungs. Hann var og hinn besti klerkur

Kristi tólf hundruð þrjár tigur og sjö ár. Hafði Gissur gerst skutilsveinn Hákonar konungs frænda síns þá er hann skorti vetur á tvítugan.

Í þenna tíma var svo mikill ofsi Sturlu Sighvatssonar að nær öngvir menn hér á landi héldu sér réttum fyrir honum og svo hafa sumir menn hermt orð hans síðan að hann þóttist allt land hafa undir lagt ef hann gæti Gissur yfir komið.“ (*Sturlunga saga* I 1988:388)

þeirra er hér á landi hafa verið. Oft fór hann af landi brott og var betur metinn í Róma en nokkur Íslenskur maður fyrr honum af mennt sinni og framkvæmd.“ (192-93)

Í Íslendinga sögu segir frá því að þegar Þorvaldur Gissurarson hyggst gefa nafn syni sínum og Þóru Guðmundardóttur yngri hverfur hann frá því ráði að kalla hann eftir Kolbeini Tumasyni systursyni sínum en skirir hann þess í stað Gissur:

Því að þeir hafa lít áuðkvisar verið í Haukdælaætt sem svo hafa heitið hér til. (220)

Á þennan hátt reynir Þorvaldur að stýra örlögum og ævi sonar síns, þ.e. hann trúir því að nafninu fylgi eiginleikar Gissuranna þriggja og sú gifta sem vera kann að ráðist einkum af tengslum þeirra við kirkjuna. Í lýsingu Gissurar Þorvaldssonar í kafla 271 í Íslendinga sögu, má sjá enduróm af mannlýsingum Haukdæla:³

Hann [þ.e. Gissur] gerðist höfðingi mikill, vitur maður og vinsæll. ... Hafði Gissur gerst skutilsveinn Hákonar konungs frænda síns þá er hann skorti vetur á tvítugan.

...

Gissur var meðalmaður á vöxt og allra manna best á sig kominn, vel limaður, snareygður og lágu fast augun og skýrlegur í viðbragði, betur talaður en flestir menn hér á landi, blfðmæltur og mikill rómurinn ... (388)

En Gissur átti sér og móður sem hefur drjúg áhrif á ævi hans og persónugerð.

IV

Seinni hluti Haukdæla þáttar, sem kalla má Þóru þátt, skiptist í tvo hluta auk inngangs og niðurlags. Þátturinn sem einkennist af beinni ræðu er stuttur, ákaflega hnitmiðaður og laus við alla útdúðra. Fyrri hlutinn er samtál tveggja systra við Óxará, þar sem þær lýsa væntingum sínum um biðla. Systurnar sem nefnast Þóra yngri og Þóra eldri eru dætur Guðmundar gríss á Þingvöllum og Solveigar dóttur Jóns Loftssonar. Þóra eldri þvingar systur sína í reynd til þessa samtals og þar eð hún er fyrir þeim systurum kýs hún sinn biðil fyrr, þ.e. Jón Sigmundarson sem þá „þykir bestur karlkostur“ (194) af ógiftum mönnum. Þóra yngri verður hins vegar að velja um tvo kosti og hvorugan góðan. Annaðhvort kýs hún einhvern sem ekki er samboðinn henni eða velur með afarkostum einn mesta höfðingja landsins (þ.e. hún verður að óska eftir dauða Jóru konu Þorvalds Gissurarsonar). Milli fyrri og seinni

³ Af þessari frásögn má sjá að karlar höfðu með aðstoð æðri máltaivalda raunveruleg áhrif á líf sitt og annarra (sbr. hér á eftir).

hlutans er örstuttur kafli í óbeinni ræðu þar sem höfundur greinir m.a. frá þeim atburðum sem verða eftir samtalið við Óxará, þ.e. dauða Jóru biskupsdóttur. Síðari hlutinn fjallar hins vegar um ferð Þorvalds Gissurarsonar og Jóns Sigmundarsonar til Borgarfjarðar. Á leið sinni gista þeir tvisvar á Þingvöllum og í seinna sinnið bera þeir upp bónorð við þær systur í samræmi við það sem þær kusu í upphafi, þ.e. Þóra eldri fær Jón en sú yngri Þorvald. Þóra eldri hefur hins vegar vent kvæði sínu í kross þegar ljóst er að Þorvaldur er raunverulegur valkostur þegar hann verður ekkjumaður. Kvöldið fyrir bónorðið skipar hún þeim félögum í hvílu þeirra systra og hyggst haga því svo að hún hreppi Þorvald en sú áætlun fer út um þúfur eins og áður kom fram:

Þá mælti hin eldri Þóra til systur sinnar: „Nú mun eg skipa þeim í hvílu okkra í kveld, Þorvaldi og Jóni. Og með því að þeir biðji okkar nú þá skal eg þann eiga er í minni hvílu liggur en þú þann er í þinni liggur.“

Það vissi hún að Þorvaldur var jafnan vanur að hvíla við stökk og vildi þá hvortveggi hann heldur. (195)

Vert er að benda á að erindi Jóns og Þorvalds um Þingvöll er ekki að biðja þeirra systra, þeir eiga einungis leið um. Ekki er heldur minnst á umþenkingar þeirra í þá veru, aðeins sagt að þeim hafi orðið „mart talað til þeirra Guðmundardætra.“ (195) á leiðinni vestur. Ferðafélagarnir eiga í reynd tvö samtöl, en einvörðungu annað er tilfært, þ.e. samtalið áður en þeir ganga til hvílu kvöldið fyrir bónorðið. Samtal systranna sem nær yfir drýgstan hluta þáttarins, er mjög náði og einkennist af ólíkri lífsskoðun þeirra, enda ber Þóra yngri nokkurn kvíðboga fyrir því að það spyrjist út:

„Hitt ræð eg,“ segir hin yngri Þóra, „að við látum þetta tal niður falla því að brátt fer orð er um munn líður.“ (194)

Samtal þeirra Jóns og Þorvalds er á hinn bóginn stutt en þar ríkir eindrægni líkt og þeir hafi þegar gert út um hjónabandsmál sín:⁴

Og um kveldið er þeir Þorvaldur komu til hvílu þá spurði Jón Þorvald bónda: „Hvort viltu hvíla við stökk eða þili?“

Þorvaldur svarar: „Jafnan er eg vanur að hvíla við stökk en skaltu nú kjósa.“ (195)

Ekki er sagt berum orðum að þeir hafi haft veður af samtali systranna og hagað málum samkvæmt því, en ótti Þóru yngri og andinn í samtali þeirra gefur slíkri túlkun undir fótinn. Báðir máttu og vel við una þann kvenkost sem þeir hrepptu því höfundur gerir ekki upp á milli þeirra systra þegar hann kynnir þær til sögunnar:

⁴ Sbr. „Og um daginn er þeir riðu vestur varð þeim mart talað til þeirra Guðmundardætra.“ (195)

Þær voru báðar hinar gervilegstu konur og vel menntar. Þær þóttu þá bestir kvenkostir af ógliftum konum. (193)

Löngun Þóru eldri til að hafa áhrif á gang mála er hins vegar hreyfiafl frásagnarinnar í Þóru þætti. Svo virðist sem hún telji að samtal þeirra megni að ýta við forlögnum og skapa atburðarás óháða þeim:

„Ekki þykir mér undir,“ segir hin eldri Þóra, „þótt hér gerist nakkvað sögulegt af ...“ (194)

Þóra yngri vfst á hinn bóginn lengi undan því að ræða drauma sína um hjónaband, enda telur hún örlög manna óhagganleg. Þau lúti guðlegri forsjón og því sé óþarft að grufla í þau mál:

„Enga þörf ætla eg á því,“ segir hin yngri Þóra, „því að allt mun ætlað fyrir og gerir því ekki hugsan fyrir slíku að bera eða geipa þar um nokkuð.“ (194)

Hún trúir þó líkt og systir hennar á mátt orðanna, en ólíkt henni óttast hún afleiðingar þeirrar orðræðu sem fram fer milli þeirra því maðurinn hafi í reynd enga stjórn á orðunum („brátt fer orð er um munn líður“). Þóra yngri virðist ekki líta svo á að þær systur mæli „skapanna málum“. Sú hugmynd býr hér fremur að baki að orðin geti snúist í höndum manns og orðið að áhrinsorðum. Þóra eldri reynir hins vegar að stjórna orðræðunni, hún hefur samræðuna en slítur henni einnig:

„Hættum þessu tali,“ segir hin eldri Þóra, „og getum ekki um.“ (194)

Þegar hún fær systur sína ekki til að ræða málin í alvöru, krefst hún þess að þær geri sér hér af leik og reyni jafnframt hugspeki sína. Báðum er á hinn bóginn ljós alvara umræðunnar, þó sú eldri telji sig hafa vald á leiknum.

Þó að Þóra eldri fallist að nokkru á þá skoðun systur sinnar³ að guðleg forsjón ráði hlutskipti manna, er ljóst af orðum hennar og gerðum að hún trúir á mátt sinn og megin. Tilraun hennar til að hafa bein áhrif á það hverjum hún muni gefin rennur hins vegar út í sandinn því Þorvaldur og Jón hafa eins og áður sagði sennilega samið málið með sér. Þóra yngri lætur sér á hinn bóginn fátt um finnast um athafnasemi systur sinnar:

„Hví muntu eigi slíku ráða,“ segir hin yngri Þóra, „hversu þú skipar hvílum. En það mun verða um forlög okkur sem áður er fyrir ætlað.“ (195)

Beinast liggur við að túlka orð hennar í samræmi við trú hennar á guðlega forsjón, en kaldhæðnin felst einkum í því að guðleg forsjón og forsjá

³ Sbr. „Nú er það vfst ... að það er ákveðið er minna háttar er en forlög manna. En þó vil eg eigi að síður að þú segir mér hvað þú mundir kjósa hvað fyrir þér lægi.“ (194)

karlanna fer hér saman.⁶ Ósennilegra er að hún vísi hér til samtals þeirra systra við Óxará, þ.e. að með orðum sínum hafi þær skapað sér örlög sjálfar, orðin hangi í lofínu og bíði þess eins að uppfyllast.

Þóra yngri er höfuðpersóna þessarar stuttu frásagnar. Höfundur kynnir hana ekki einasta fyrr til sögunnar heldur lýkur þættinum á því að tilfærð eru börn þeirra Þorvalds, en barna þeirra Þóru eldri og Jóns er að engu getið. Mегingerandinn í frásögninni er hins vegar Þóra eldri. Hún reynir að hafa áhrif á líf sitt en tekst það ekki á þann hátt sem hún sjálf hefði kosið. Hún gerir í lokin örvæntingarfulla tilraun til að sveigja atburðarásina að vilja sínum, en það hlýtur að misheppnast, því eins og áður sagði var hlutskipti þeirra systra, sem og annarra miðaldakvenna, ekki aðeins háð einum herra heldur tveimur, karlinum og guði. Þóra eldri brýst á vissan hátt undan hefðbundnu kvenhlutverki með því að krefjast forræðis yfir lífi sínu. Hún setur fram ákveðnar óskir og neitar því jafnframt að láta aðra dæma fyrir sig. Höfundur hefur t.d. rétt sleppt orðinu um að þær systur þvói lérefst sín sér til skemmtunar þegar hún upphefst með mótmæli:

„Svo er og,“ segir hin eldri Þóra, „að hér er sémilegt að vera með föður og móður en ekki er hér glaðværi eða svo unaðsamlegt fyrir það.“ (193-94)

Með athæfi sínu brýtur hún ekki einasta gegn guðslögum með því að þjóna einungis lund sinni, heldur og þeim lögum sem giltu í samfélaginu og héldu valdahlutföllum í föstum skorðum. Hún gerir sig seka um eina af höfuðsyndunum, dramb (superbia) og því er henni hegnt. Í upphafi sitja þær systur við þvotta, í hefðbundnu kvenhlutverki, og að endingu er þess einungis getið að Þóra yngri uppfylli æðstu skyldu eiginkonunnar að ala manni sínum börn.

Lýsing þeirra Þóru yngri og eldri tekur einkum mið af kröfum hjónabandsmarkaðarins, þ.e. þær eru fallegar og „vel menntar“. Í samtali þeirra kemur og fram að líf þeirra og örlög eru metin fyrst og fremst út frá hjúskaparstöðu þeirra, líkt og annarra kvenna á þessum tíma. Á yfirborðinu fjallar því þátturinn um örlögin og viðhorf kvenna til þess hvort þær hafi eitthvað yfir lífi sínu að segja. Þóra yngri eftirlætur forsjóninni völinu enda hrýs henni hugur við því að yfirgefa föðurhúsin þar sem hún lifir áhyggjulausu og ábyrgðarlausu lífi.⁷ Þóra eldri þráir hins vegar „glaðværi“ fjarri þeirri deyfð og atburðaleysi sem hún nú býr við og reynir í samræmi við það að hafa áhrif á gang mála.

Í Þóru þætti fer fram leikur, þar sem konur eru meginþátttakendurnir, þ.e. Þóra eldri sem vill móta leikreglurnar og Þóra yngri sem geðjast lítt að

⁶ Frásögnin hér að framan af því er Þorvaldur gefur syni sínum nafn styður þetta einnig. Segja má að „deus ex machina“ grípi inn í atburðarásina með dauða Jóru, en athafnir karlanna fylgi því eftir.

⁷ Grískir harmleikir fjalla sumir m.a. um þennan ótta ungra ógíftra kvenna.

leiknum og reynir að komast hjá því að taka þátt í honum. Á endanum neyðist hún þó til að játa að hún býr þrátt fyrir allt yfir væntingum, rétt eins og eldri systir hennar, þótt hún gerist ekki svo djörf að þykjast vera gerandi í eigin lífi.

Þó að þeir Jón og Þorvaldur gerist ekki beinir þátttakendur í leik þeirra systra fyrr en í lokahrinunni, þá yfirtaka þeir leikinn og breyta leikreglunum í óþökk Þóru eldri. Þóra yngri sem frá upphafi áttar sig á því að kona er aðeins það í leikfléttu karlanna fær hins vegar umbun fyrir lítulþægni sína (sbr. *Skýringar og fræði* 1988:lxix).

V

Sigurður A. Magnússon segir í grein um gríska harmleiki að þeir fjalli m.a. um þann sem fer út fyrir takmörk sín og brjóti lög samfélagsins, en sá sem það gerði lagði jafnframt ofuráherslu á einstaklingsæðli sitt. Sigurður segir einnig að „*eitt af mörgum hlutverkum tragedíunnar hafi verið að tjá í listrænu og dramatísku formi hin fornu spakmæli „Allt í hófi“ og „Þekktu sjálfan þig“ (þ.e. „Þekktu takmörk þín“)*“ (Sigurður A. Magnússon 1990 (3):63). Þóru þáttur minnir um margt á harmleiki. Þær systur heyja ekki aðeins nokkurs konar einvígi um veraldleg völd (þ.e. eiginmannsefnið) því ólíkar lífsskoðanir þeirra takast einnig á. Í þessari viðureign hlýtur önnur að falla í valinn, í óeiginlegri merkingu þó. Þóra eldri tekur sér í reynd vald föðurins en hann hafði úrslitaáhrif í giftingarmálum dætra sinna. Með gerðum sínum ætla hún ekki einasta að hafa áhrif á eigin örlög heldur og örlög systur sinnar. Vilji hennar ríkir ofar öllu. Af þessum sökum verður samfélagið e.t.v. að hegna Þóru eldri til að viðhalda réttu skipan, rétt eins og Kreon telur sig þurfa að beygja Antígónu í leikriti Sófóklesar:⁴

En ef hún [þ.e. Antígóna] óhegnt fær að traðka landsins lög,
hef ég að geyma telpu-kveif, en karlmann hún. (*Grískir harmleikir*
1990:332;484-85)

Þær Þóra yngri og eldri minna í raun um margt á þær systur Antígónu og Ísmenu í Antígónu Sófóklesar. Ísmena reynir að fá Antígónu ofan af áformum sínum enda telur hún rétt eins og Þóra yngri að konur eigi ekki að hafa áhrif á rás viðburða:

⁴ Siðferðisspurningarnar eru á hinn bóginn mun flóknari í Antígónu (þ.e. þær spurningar sem bæði Antígóna og Kreon glíma við) og afleiðingarnar þar af leiðandi alvarlegri.

Og minnztu þess, við erum konur, eðli vort
er ekki síft að takast á við karlmanns þerk;
og sem vér lútum þótt þess sem betur má,
skal skipast við hans orð, og eins þótt gegni verr.

...

... Flón er sá
sem færast meira' í fang en kraftar endast til.

(*Grfskir harmleikir* 1990:321;61-64, 67-68)

Sá ljóður er hins vegar á ráði Þóru yngri, sem gerir hana ekki síður tragíska persónu en systur hennar, er að hún lýtur ekki aðeins guðlegu og veraldlegu valdi, hún lýtur öllu valdi, einnig valdi systur sinnar:

„Þú ert fyrir okkur,“ segir hin yngri Þóra, „og skaltu af því víst segja mér fyrir með því að þú vilt þó að eigi falli hér niður geipan sjá.“ (194)

Og líkt og Þóra eldri leggur ofurkapp á einstaklingseðli sitt, þá reynir sú yngri að þagga það niður og drepa atburðarásina í dróma. Í reynd kann hún ekki hóf sitt fremur en systir hennar, en viðhorf hennar er skaðlausara fyrir það samfélag sem ríkti á miðöldum.

VI

Þær systur sitja eins og áður sagði við þvotta á Þingvöllum og gera sér að leik að ráðslaga⁹ um örlög sín, á sama stað og karlar eru vanir að ráða örlögum þjóðarinnar. Konur segja hér hug sinn en það stýrir sýnilega engri lukku hyggist þær framkvæma vilja sinn. Þóra yngri sem á alla samúð höfundar reynir tvisvar að stöðva samtalið og þar með atburðarásina, en án árangurs. Í þessu endurspeglast e.t.v. viðhorf lærðra manna á miðöldum að þar eð konan stjórnaðist af tilfinningum en karlinn af rökhusun bæri að halda konum frá mikilvægum ákvarðanatökum.¹⁰

Þó að konur séu höfuðpersónur Þóru þáttar og hann veiti nokkra innsýn í líf þeirra á 13. öld, þjónar hann fyrst og fremst þeim tilgangi að skýra vissa skapgerðarþætti Gissurar Þorvaldssonar, rétt eins og fyrri hluti Haukadæla þáttar. Karlar svipta konur ekki einungis leiknum heldur skiptir hlutverk þeirra innan hans því aðeins máli að það varpi ljósi á þá sjálfa eða synina.

Í persónulýsingu Gissurar má eins og áður sagði finna enduróm af mannlýsingu Haukdæla þáttar, hann er t.d. sagður vitur og vinsæll eins og hann á kyn til. Vert er og að hafa í huga að einhver áhrifarfkasta ætt

⁹ Þóra yngri kallar samtalið þeirra systra „geipan“, þ.e. bull, þvaður.

¹⁰ Sbr. Bullough 1973 og Robertson 1993.

landsins, Haukdælir, stendur að honum:

Hann var frændrjúkur og flestir hinir bestu bændur fyrir sunnan land og víðar voru vinir hans. (388)

Í Íslendinga sögu kemur víða fram að í deilum var stuðningur Gissurar einatt óvís:

Var þar fyrir Gissur Þorvaldsson með mikið fjölmenni og vissi engi hvorum hann ætlaði að veita. (321)

Gissur Þorvaldsson hafði og mikið fjölmenni og vissu menn óvíst hvorum hann mundi veita því að hann lét vel til hvorratveggju. (345)

Þorleifur úr Görðum hafði hundrað manna. Ámi Óreiða hafði fimm tígu manna. Og veittu þeir Snorra báðir. Ormur Svínfellingur hafði tíu tígu manna en Þórarinn bróðir hans fimm tígu manna og voru þeir Kolbeins vinir mestir. Gissur Þorvaldsson hafði tvö hundruð manna og lét til allra skipulega. (360)

Í mannlýsingu Gissurar er eiginleikum móður hans og föðurættinni (Haukdælum) að nokkru stillt upp sem andstæðum. Varkárni og aðgerðarleysi í ætt við það sem einkennir Þóru yngri setur sýnilega mark sitt á hann framan af. Hann lætur aðra um framkvæmdir en bíður átekta í hæfilegri fjarlægð. Í valdataflinu eftir Örlygsstaðabardaga og í hefndum eftir Flugumýrarbrennu sýnir Gissur hins vegar hvað í honum býr. Hann nær yfirráðum yfir stórum hluta landsins og gerist jarl Noregskonungs. Eftir manndómsvígslu þessara ægilegu atburða verður ættarmótið með hinum fornu Haukdælum enn skýrara, en eiginleikar móður hans hverfa meira undir yfirborðið.¹¹ Eftirtektarvert er að þeir þætti sem taldir eru jákvæðir í fari konunnar þykja neikvæðir í fari mannsins.

¹¹ Ósagt skal látið hvort í persónulýsingu Gissurar sé verið að stilla Oddaverjum og Haukdælum upp sem andstæðum. Í upphafi Haukdæla þáttar er ætt Haukdæla m.a. rakin til Sæmundar fróða prests í Odda, forföður Oddaverja. Í Þóru þætti er móðir þeirra systra hins vegar sögð vera Solveig dóttir Jóns Loftssonar í Odda, en hann var fyrst og fremst veraldlegur höfðingi sem lenti að endingu upp á kant við kirkjuna.

VII

Heimildir

- Björn M. Ólsen. 1902. Um Sturlungu. *Safn til sögu Íslands og íslenskra bókmenta* III. Kaupmannahöfn:193-510.
- Bullough, Vern L. 1973. „Medieval Medical and Scientific Views of Women.“ *Viator* 4:485-501.
- Grískir harmleikir*. 1990. Helgi Hálfðanarson þýddi. Reykjavík.
- Joseph, Herbert S. 1971. Chronology and Persona Voice in the Haukdale þátt. *Arkiv* 86:66-71.
- Pétur Sigurðsson. 1928. Um Haukdælþátt. *Festskrift til Finnur Jónsson*. København:84-94.
- Robertson, Elizabeth. 1993. „Medieval Medical Views of Women and Female Spirituality in the *Ancrene Wisse* and Julian of Norwich’s *Showings*.“ *Feminist Approaches to the Body in Medieval Literature*. Ed. Linda Lomperis and Sarah Stanbury. Philadelphia:142-67.
- Sigurður A. Magnússon. 1990 (3). Um forngríska harmleiki. *Tímarit Máls og menningar*. Reykjavík:59-65.
- Sturlunga saga* I-II. 1988. Ritstjóri Örnólfur Thorsson. Ritstjórn: Bergljót Kristjánsdóttir, Bragi Halldórsson, Gísli Sigurðsson, Guðrún Ása Grímsdóttir, Guðrún Ingólfssdóttir, Jón Torfason, Sverrir Tómasson og Örnólfur Thorsson. Reykjavík.
- Skýringar og fræði*. 1988. Ritstjóri Örnólfur Thorsson. Ritstjórn: Bergljót Kristjánsdóttir, Bragi Halldórsson, Gísli Sigurðsson, Guðrún Ása Grímsdóttir, Guðrún Ingólfssdóttir, Jón Torfason, Sverrir Tómasson og Örnólfur Thorsson. Reykjavík.
- Úlfar Bragason. 1986. *On the Poetics of Sturlunga*. Ópr. doktorsritgerð frá University of California. Berkeley.
- . 1990. Sturlunga saga: Atburðir og frásögn. *Skáldskaparmál* 1:73-88.